# Óbyggðanefnd

01 261

# Ársreikningur 2018

## Efnisyfirlit

| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og áritun forstöðumanns | 2 |
| Yfirlit um afkomu ársins | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 5 |
| Skýringar | 6 |

**Óbyggðanefnd**

**kt. 580998-3139**

**Skuggasundi 3, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Óbyggðanefnd er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem er sjálfstæð stjórnsýslunefnd sem á grundvelli III. kafla þjóðlendulaga og hefur þríþætt hlutverk.

1. Að kanna og skera úr um hvaða land telst til þjóðlendna og hver séu mörk þeirra og eignarlanda, 2. Að skera úr um mörk þess hluta þjóðlendu sem nýttur er sem afréttur og 3. Að úrskurða um eignarréttindi innan þjóðlendna. Nefndin er sjálfstæð og óháð stjórnsýslunefnd sem skipað er til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkis og sveitarfélaga.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2018 var ársveltan kr. 111,6 milljónir og afkoma kr. -0,8 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 8,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 18,4 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Óbyggðanefndar í samræmi við lög um opinber fjármál og lög um ársreikninga.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Óbyggðanefndar fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. ágúst 2019

Staður, dags.

ÓBYGGÐANEFND

Þorsteinn Magnússon

Framkvæmdastjóri

## Yfirlit um afkomu ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Tekjur** | | | |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 3 | 111.200.000 | 81.400.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | 3 | 374.487 | 452.590 |
| **Tekjur samtals** | | 111.574.487 | 81.852.590 |
| **Gjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 31.698.211 | 43.477.466 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 80.259.602 | 31.280.189 |
| Afskriftir | 6 | 374.487 | 452.590 |
| **Gjöld samtals** | | 112.332.300 | 75.210.245 |
| **Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði** | | (757.813) | 6.642.345 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap | | (14.793) | (5.333) |
| | | (14.793) | (5.333) |
| **Afkoma ársins** | | (772.606) | 6.637.012 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2018

| | Skýr | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 6 | | |
| Áhöld, tæki og búnaður | | 1.241.794 | 1.536.604 |
| | | 1.241.794 | 1.536.604 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 1.241.794 | 1.536.604 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 17.145.704 | 14.828.911 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 17.145.704 | 14.828.911 |
| **Eignir samtals** | | 18.387.498 | 16.365.515 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Hrein eign | | 8.093.193 | 8.865.799 |
| **Eigið fé samtals** | | 8.093.193 | 8.865.799 |
| **Skuldir** | | | |
| Tengdir aðilar | 7 | 2.180.380 | 2.449.061 |
| Viðskiptaskuldir | | 3.814.961 | 305.939 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 9 | 2.336.847 | 3.208.112 |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda | 10 | 1.962.117 | 1.536.604 |
| | | 10.294.305 | 7.499.716 |
| **Skuldir samtals** | | 10.294.305 | 7.499.716 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 18.387.498 | 16.365.515 |
| **Aðrar upplýsingar** | 11 | | |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.*

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2018

| | Skýr | 2018 | 2017 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Afkoma ársins | | (772.606) | 6.637.012 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 6 | 374.487 | 452.590 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára | | (374.487) | (452.590) |
| | | (772.606) | 6.637.012 |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 2.637.757 | (2.836.999) |
| | | 2.637.757 | (2.836.999) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 1.865.151 | 3.800.013 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (79.677) | 0 |
| | | (79.677) | 0 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tengdir aðilar | | (2.585.474) | (3.800.013) |
| Fjárfestingarframlag | | 800.000 | 0 |
| | | (1.785.474) | (3.800.013) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 0 | 0 |
| Handbært fé í byrjun árs | | 0 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 0 | 0 |

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.*

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:
Áhöld og búnaður ........................................ 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Skýringar

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

### 2. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

## Skýringar

**3 Tekjufærsla fjárveitinga**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjárveiting ársins | 112.000.000 | 81.400.000 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | (800.000) | 0 |
| Tekjufærsla fjárveitinga | 111.200.000 | 81.400.000 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | 374.487 | 452.590 |
| | 111.574.487 | 81.852.590 |

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

| | Rekstur | Rekstrar-tilfærslur | Fjármagns-tilfærslur | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum | 112.000.000 | 0 | 0 | 112.000.000 |
| Fjáraukalög | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting | (800.000) | 0 | 0 | (800.000) |
| **Fjárveiting til tekna** | **111.200.000** | **0** | **0** | **111.200.000** |
| Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi | (111.972.606) | 0 | 0 | (111.972.606) |
| **Staða fjárveitinga ársins í lok árs** | **(772.606)** | **0** | **0** | **(772.606)** |

**4 Laun og launatengd gjöld**

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Laun | 26.509.224 | 37.663.210 |
| Orlof, breyting | (656.852) | (2.895.516) |
| Launatengd gjöld | 5.560.079 | 8.220.244 |
| Starfsmannakostnaður | 285.760 | 489.528 |
| | 31.698.211 | 43.477.466 |
| Meðalfjöldi stöðugilda | 1,7 | 3,0 |

# Skýringar

## 5 Annar rekstrarkostnaður

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Bækur, ritföng, filmur o.fl. | 116.722 | 105.752 |
| Ýmis tæki og áhöld | 43.826 | 65.247 |
| Orkugjafar | 49.176 | 0 |
| Matvæli | 527.981 | 384.219 |
| Almennar rekstrarvörur | 398 | 24.286 |
| Vörukaup, almenn | 738.103 | 579.504 |
| | | |
| Ýmsar sérgreindar vörur | 6.240 | 0 |
| Vörukaup, sérgreind | 6.240 | 0 |
| | | |
| Fundir, námskeið, risna | 88.572 | 335.229 |
| Ferðir, uppihald | 661.846 | 140.000 |
| Akstur | 479.344 | 115.731 |
| Sérfræðiþjónusta | 73.237.352 | 25.963.158 |
| Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld | 1.200 | 34.218 |
| Auglýsingar og kynningarstarfsemi | 809.256 | 240.200 |
| Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta | 1.182.793 | 577.741 |
| Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta | 76.460.363 | 27.406.277 |
| | | |
| Afnotagjöld | 629.238 | 960.863 |
| Leigugjöld | 2.232.394 | 2.053.563 |
| Verkkaup | 9.542 | 5.226 |
| Kostnaðarhlutdeild | 182.531 | 274.756 |
| Opinber gjöld | 1.191 | 0 |
| Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl. | 3.054.896 | 3.294.408 |
| | | |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | 80.259.602 | 31.280.189 |

## Skýringar

| 6 Varanlegir rekstrarfjármunir | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig: | | |
| Áhöld og búnaður | 1.241.794 | 1.536.604 |
| | 1.241.794 | 1.536.604 |

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2018:

| | Áhöld og búnaður |
|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 3.468.265 |
| Viðbætur á árinu | 79.677 |
| | 3.547.942 |
| Afskriftir 1.1.2018 | 1.931.661 |
| Afskrift ársins | 374.487 |
| | 2.306.148 |
| Staða 31.12.2018 | 1.241.794 |

**7 Tengdir aðilar**

| Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila. | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| *Kröfur á tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningur við ríkissjóð | 11.256.489 | 8.939.696 |
| Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga | 5.889.215 | 5.889.215 |
| | 17.145.704 | 14.828.911 |
| *Skuldir við tengda aðila:* | | |
| Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs | 2.180.380 | 2.449.061 |
| | 2.180.380 | 2.449.061 |

**8 Eigið fé**

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

| **Hrein eign** | | |
|---|---|---|
| Jöfnuður 1.1. | 8.865.799 | (3.660.428) |
| Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar | 0 | 5.889.215 |
| Afkoma ársins | (772.606) | 6.637.012 |
| Jöfnuður 31.12. | 8.093.193 | 8.865.799 |

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 5,9 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerða til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

## Skýringar

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|

**9 Ýmsar skammtímaskuldir**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreitt orlof | 2.336.847 | 2.993.699 |
| Ógreidd laun | 0 | 214.413 |
| | 2.336.847 | 3.208.112 |

**10 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

| | 31.12.2018 | 31.12.2017 |
|---|---|---|
| Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga | 1.241.794 | 1.536.604 |
| Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga | 720.323 | 0 |
| | 1.962.117 | 1.536.604 |

| | Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga | Fjárfestinga-fjárveiting | Samtals frestaðar tekjur |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1.2018 | 1.536.604 | 0 | 1.536.604 |
| Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga | 0 | 800.000 | 800.000 |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 79.677 | (79.677) | 0 |
| Tekjufærsla frestaðra tekna | (374.487) | 0 | (374.487) |
| | 1.241.794 | 720.323 | 1.962.117 |

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 0,3 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

**11 Aðrar upplýsingar**

*Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert rekstrar- og þjónustusamninga til næstu ára. Árlegar greiðslur rekstrar- og þjónustusamninga eru kr. 0,7 milljónum. Óbyggðanefnd er í húsnæði á vegum Rekstrarfélags Stjórnarráðsins, árleg greiðsla húsaleigu er áætluð kr. 2,2 milljónir.

*Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2018.

*Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.